



Fundagerð 236.fundar

Stjórnar Hafnasamlags Norðurlands bs.

Miðvikudaginn 23. janúar 2019 kl. 16.15 kom stjórn Hafnasamlags Norðurlands bs saman til fundar á skrifstofu Hafnasamlags Norðurlands við Fiskitanga, Akureyri.

Fundinn sátu: Þorsteinn Hlynur Jónsson formaður, Jóhannes Gunnar Bjarnason varaformaður, Axel Grettisson ritari, Eva Hrund Einarsdóttir, Ólína Freysteinsdóttir, Ólafur R. Ólafsson og Edward Hákon Huijbens. Einnig sat fundinn Þröstur Friðfinnsson áheyrnarfulltrúi.

Að auki sat fundinn: Pétur Ólafsson hafnarstjóri.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Dagskrá fundarins:

1. Fundagerð síðasta fundar.

Lögð fram til staðfestingar fundagerð 235. fundar frá 12. desember s.l.
Fundargerðin samþykkt og staðfest með undirskrift stjórnarmanna.

2. Framkvæmdir, hafnarhús, vakthús og Tangabryggja.

Hafnarstjóri fór yfir fyrirhugaðar framkvæmdir ársins 2019. Kynnt var stækkun á hafnahúsinu um 43.5 fm. Í töluverðan tíma hefur verið ljóst að bæta hefur þurft starfsmanna aðstöðu. Reikna má með að kostnaður við verkið sem stefnt er að því að framkvæma haustið 2019 verði á bilinu 30-35 mkr. Nýjar hugmyndir að stækkun komu fram á fundinum. Ákvörðun frestað til næsta fundar varðandi þennan lið.

Vegna mikillar aukningar á skemmtiferðaskipum og farþegum til Akureyrar auk þess sem þau eru í auknu mæli farin að stoppa yfir nótt er orðin brýn þörf á að byggja skýli fyrir öryggisverði. Á seinni stigum hefur verið ákveðið að stækka húsið um 10 fermetra og setja upp rafmagnstöflu fyrir vestur enda Oddeyrarbryggju í húsinu. Á framkvæmdaráætlun fyrir árið 2019 var áætlaðar 12 mkr í verkið en vegna þessarar stækkunar má reikna með að verkið gæti endað í 20 mkr. Stjórn HN samþykkir framlagðar hugmyndir varðandi byggingu skýlis fyrir öryggisverði og hækkun á framkvæmdaráætlun úr 12 mkr í 20 mkr vegna þessa. Hafnarstjóra falið að vinna málið áfram.

3. Starfsmannamál.

Í byrjun árs 2019 greiddi Hafnasamlag Norðurlands 120 mkr inn á lífeyrisskuldbindingu samlagsins. Hafnarstjóri fór einnig yfir hversu há yfirvinna er í hlutfalli af dagvinnu.



4. Önnur mál.

Edward Huijbens tilkynnti að þessi fundur væri hans síðasti að sinni þar sem hann væri að flytja búferlum til Hollands. Formaður þakkaði honum fyrir vel unnin störf og óskaði honum velfarnaðar.

Engin önnur mál.

Fundi var slitið kl. 17:15

Þorsteinn Hlynur Jónsson formaður

Jóhannes Gunnar Bjarnason varaformaður

Axel Grettisson ritari

Eva Hrund Einarsdóttir

Edward Hákon Huijbens

Ólína Freysteinsdóttir

Ólafur R. Ólafsson

Pétur Ólafsson hafnarstjóri
